

## Gátlisti vegna umsóknar um tímabundið atvinnuleyfi vegna starfs sem krefst sérfræðipækkingar:

- **Umsóknareyðublað um tímabundið atvinnuleyfi**
  - Upplýsingar um umsækjanda og atvinnurekanda (reitir I-III):  
Fullnægjandi upplýsingar þurfa að liggja fyrir um báða aðila, þ.á.m. heimilisfang útlendinga, bæði hér á landi og í heimalandi.  
Tilgreina verður einnig netfang beggja umsóknaraðila. Nota skal prentstafi.  
Koma skulu fram upplýsingar um menntun og starfssögu útlending (reitir III).
  - Umsögn viðeigandi stéttarfélags (reitir IV. á umsókn).
  - Skylt er að afla umsagnar stéttarfélags vegna umsagnar um tímabundið atvinnuleyfi. Almennt er mælt til þess að slíkar umsagnar sé aflað áður en að umsókn og fylgigögnum er skilað inn til Útlendingastofnunar. Heimilt er að skila umsögn á öðru formi eða á aðskildu fylgiskjali. Fylgi umsögn ekki umsókn leiðir það til frestunar á úrvinnslu máls.
  - Mikilvægt er að bæði atvinnurekandi og útlendingur skrifi undir umsóknina. Skorti undirskrift annars hvors leiðir það til þess að ekki er hægt að taka umsóknina til afgreiðslu.
- **Ráðningarsamningur milli atvinnurekanda og útlendinga vegna starfs sem krefst sérfræðipækkingar**
  - Ráðningarsamningur skal fylgja umsókn um atvinnuleyfi, en ekki er hægt að vinna úr leyfinu nema að slíkur samningur fylgi umsókn.
  - Ráðningarsamningur skal vera undirritaður af báðum aðilum.
  - Naudsynlegar upplýsingar: Tilgreina þarf lífeyrissjóð sem greiða á í vegna útlendinga.
  - Upplýsingar um vinnufyrirkomulag, launakjör og önnur hlunnindi. Skylt er að tilgreina þann kjarasamning sem við á.
  - Starfshlutfall: Koma skal fram á samningi hvort að um sé að ræða fullt starf eða hlutastarf og þá hvert hlutfallið er.
  - Ráðningartími: Tilgreina skal hvort ráðning er ótímabundin eða hvort starfsmaður sé ráðinn í afmarkaðan tíma, t.d. til að mæta árstíðabundnum sveiflum í starfsgrein.
  - Launakjör:
    - Tilgreina skal upplýsingar um annað hvort mánaðarlaun útlendinga eða tímakaup hans.
    - Ef starfsmaður fær greidd föst mánaðarlaun er engu að síður skylt að tilgreina yfirvinnukaup starfsmanns til samræmis við viðeigandi kjarasamning.
    - Ef útlendingur fær greitt tímakaup þarf að tilgreina launatölur fyrir dagvinnu og yfirvinnu og vaktáálög (33% og 45%) ef við á. ▪ Einnig má vísa til launabreps í viðeigandi kjarasamning, séu laun útlendinga greidd í samræmi við slíkan samning.
      - Ekki telst fullnægjandi að haka við að „laun séu greidd samkvæmt kjarasamningi“ en tilgreina hvorki nákvæmt launabrep eða launatölur.
      - Njóti útlendingur annarra hlunninda, t.d. í formi fæðis, upphalds eða húsnæðis, skal taka það fram á ráðningarsamningi eða á fylgiskjali með umsókn.

### Fylgiskjöl:

- **Ítarleg starfslýsing þess starfs sem fyrirhugað er að útlendingur gegni hjá atvinnurekanda og röksemdir fyrir veitingu leyfis.**  
Koma þurfa fram upplýsingar um í hverju starf útlendinga hjá atvinnurekanda felst, umfang þess og eðli, og hvað það er við starfið sem krefst þess að starfsmaður búi yfir sérfræðipækkingu.
- **Afrit af prófskírteini útlendinga á íslensku eða ensku**  
Búi útlendingur yfir sérfræðipækkingu í formi menntunar þarf að skila inn afriti af prófskírteini á íslensku eða ensku. Sé prófskírteini á öðru tungumáli skal afla þýðingar frá löggiltum skjalaþýðanda. Geri starf kröfu um iðnmenntun skal skila gildu starfsleyfi, sjá nánar hér að neðan.
- **Staðfestingar frá fyrrum vinnuveitendum**

Búi útlendingur yfir sérfræðiþekkingu í formi langrar starfsreynslu þarf að skila inn staðfestingu frá fyrrum vinnuveitendum um þau störf sem og upplýsingum um hvaða starfi hann gegndi og hvernig það veiti honum sérfræðiþekkingu sem muni nýttast honum í starfi fyrir fyrirtækið. Slík staðfesting þarf að vera skrifleg og á annað hvort ensku eða íslensku. Sé staðfesting á öðru tungumáli skal afla þýðingar frá löggiltum skjalapýðanda yfir á íslensku eða ensku.

Vakin er sérstök athygli umsækjenda á að ferilskrá einstaklings getur ekki haft gildi sem staðfesting á sérhæfingu eða starfsreynslu einstaklings.

□ **Umsókn byggir á sérstakri hæfni umsækjanda með vísan í starfalista um störf sem krefjast sérhæfðrar þekkingar sem tímabundinn skortur er á hér á landi.**

- Byggi umsókn um atvinnuleyfi á þessum grundvelli skal koma fram í umsóknargögnum hvaða starfi innan starfalista reglugerðar nr. 707/2023 er byggt á. Þá ber umsækjendum að leggja fram gögn sem staðfesta að starfsmaður búi fyrir slíkri sérhæfðri þekkingu.

Ef þekking útlendinga byggist á starfsreynslu, vottunum eða námskeiðum skulu gögn fylgja umsóknargögnum.

Vegna starfsreynslu þarf að fylgja með umsókn upplýsingar um fyrri vinnustaði og starfstíma. Á staðfestingum skal koma fram starfstími og upplýsingar um í hverju starf viðkomandi fólst.

- Ferilskrá er t.d. ekki ein og sér tækt gagn í þessum skilningi.

□ **Afrit af gildu starfsleyfi ef starf fellur undir löggildar starfsgreinar**

Iðngreinar: Í þeim tilvikum þegar starf sem sótt er um tímabundið atvinnuleyfi vegna telst til lögverndaðrar starfsgreinar þá þarf að afla staðfestingar á starfsleyfi viðkomandi útlendinga til að gegna starfinu. Skv. reglugerð nr. 940/1999 um löggiltar iðngreinar, sbr. iðnaðarlög nr. 42/1978, mega þeir einir starfa við slík störf á Íslandi sem hafa til þess starfsleyfi, sbr. 2. gr. iðnaðarlaga. Liggi slík staðfesting fyrir þarf hún að berast Vinnumálastofnun ellegar þarf að afla slíkrar staðfestingar. Frekari upplýsingar um öflun viðurkenningar á starfsréttindum og útgáfu á starfsleyfi er hægt að afla hjá [ENIC/NARIC](#).

Þegar formlegt mat á starfsréttindum til iðnréttinda liggur fyrir þarf að skila afriti af starfsleyfi útgefna af sýslumanninum á Austurlandi og matsbréfi útgefna af ENIC/NARIC til Vinnumálastofnunar.

Heilbrigðisstéttir: Í þeim tilvikum þegar starf sem sótt er um tímabundið atvinnuleyfi vegna telst til löggiltrar heilbrigðisstéttar þá þarf að afla staðfestingar á starfsleyfi viðkomandi útlendinga til að gegna starfinu. Samkvæmt lögum um heilbrigðisstarfsmenn nr. 34/2012 mega þeir einir starfa við slík störf á Íslandi sem hafa hlotið til þess leyfi landlæknis, sbr. 1. tölul. 2. gr. laganna. Liggi slík staðfesting fyrir þarf hún að berast Vinnumálastofnun ellegar þarf að afla slíkrar staðfestingar. Frekari upplýsingar um öflun viðurkenningar á starfsréttindum og útgáfu á leyfa er hægt að nálgast afla hjá [embætti landlæknis](#).

Aðrar löggildar starfsgreinar: Ekki er hægt að gefa tæmandi upplýsingar um allar starfsstéttir sem teljast vera löggildar hér á landi eða hvar skal afla starfsleyfa vegna þeirra en yfirlit má nálgast á vef [Háskóla-, iðnaðar- og nýsköpunarráðuneytisins](#)

□ **Ekki er þörf á að auglýsa starfið hjá EURES Vinnumiðlun stofnunarinnar nema stofnunin óski sérstaklega eftir því við afgreiðslu umsóknar um tímabundið atvinnuleyfi.**

Fylgi ekki nauðsynleg gögn og upplýsingar með umsókn er óumflýjanlegt að það muni teyfa afgreiðslu máls vegna gagnaöflunar.